



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Reykjavík, 6. mars 2012.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


**Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um
Þskj. 109 — 109. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um
fæðingar- og foreldraorlof, með síðari tíma breytingum**

Kennarasamband Íslands fagnar þeim jöfnuði sem frumvarpið felur í sér gagnvart rétti ungra barna til samvista við foreldri.

Kennarasambandið tekur heilshugar undir það sem fram kemur í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu. Þar er bent á nauðsyn þess að taka til skoðunar hvernig unnt er að taka á þeim tilvikum þar sem börn eiga einungis möguleika á samvistum við annað foreldri sitt á fyrstu 36 mánuðum ævinnar. Í þeim tilvikum fær barn aðeins notið sex mánaða samvista við foreldri og því situr það ekki við sama borð og þau börn sem eiga möguleika á samvistum við báða foreldra.

Virðingarfyllst,

F. h. Kennarasambands Íslands


Björg Bjarnadóttir varaformaður